



9. júní 2021
Tilv.: 2106066

Dreifibréf númer: 32/2021
til fjármálfyrirtækja og Samtaka fjármálfyrirtækja

Efni: Drög að reglum um gagnaskil fjármálfyrirtækja vegna reglugerðar CRR/
CRR II

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlit) hefur gefið út umræðuskjal nr. 8/2021 sem inniheldur drög að reglum um gagnaskil fjármálfyrirtækja vegna eiginfjárgrunns, eiginfjárkrafna, stórra áhættuskuldbindinga, vogunarhlutfalls, lausafjárlutfalls og stöðugrar fjármögnumnar. Um er að ræða reglur sem innleiða framkvæmdarreglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) 2021/451 frá 17. desember 2020, um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar gagnaskil fjármálfyrirtækja til eftirlitsstofnana, sem sett er á grundvelli reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (CRR), með síðari breytingum. Í reglugerðinni eru settar fram ítarlegar reglur um gagnaskil fjármálfyrirtækja til eftirlitsstofnana. Reglugerðin tekur mið af breytingum sem gerðar voru á CRR reglugerðinni með reglugerð (ESB) nr. 2019/876 (CRR II). Unnið er að því að taka upp CRR II í EES-samninginn. Nýlega samþykkti Alþingi lög nr. 44/2021 um breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki sem gerir ráðherra og Seðlabankanum m.a. kleift að innleiða CRR II.¹ Ráðgert er að innleiða CRR II með breytingu á reglugerð um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálfyrirtækja nr. 233/2017, sbr. 117. gr. a laga um fjármálfyrirtæki.

Reglugerð (ESB) 2021/451 leysir af hólmi reglugerð (ESB) nr. 680/2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla vegna gagnaskila fjármálfyrirtækja til eftirlitsstofnana sem innleidd hefur verið hér á landi, sbr. reglur Seðlabanka Íslands nr. 665/2021.²

Reglurnar munu taka gildi 28. júní nk. Ráðgert er að fyrstu mánaðarleg skýrsluskil samkvæmt reglunum verði í júlí nk. og ársfjórðungsleg skil í ágúst nk. (m.v. stöðu 30. júní). Með gildistöku þeirra falla úr gildi framangreindar reglur Seðlabankans um gagnaskil fjármálfyrirtækja. Reglurnar verða settar með stoð í a-lið 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálfyrirtæki.

Með dreifibréfi þessu gefur fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölín eru birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

¹ <https://www.althingi.is/altext/151/s/1104.html>.

² Reglugerðin var áður innleidd með reglum nr. 505/2017, um tæknilega staðla vegna gagnaskila fjármálfyrirtækja, sbr. reglur nr. 964/2017.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eigi síðar en 18. júní nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Seðlabanka Íslands, sbr. nánari skýringar í umræðuskjali. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið skjala-safn@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS
Fjármálaeftirlit

Elmar Ásbjörnsson
Elmar Ásbjörnsson
framkvæmdastjóri
bankar

Haukur C. Benediktsson
Haukur C. Benediktsson
framkvæmdastjóri
fjármálastöðugleiki